

**Nd.**

**605. Frumvarp til laga**

**[171. mál]**

um greiðslu bóta til fyrirtækja og einstaklinga, sem urðu að þola útstrikun á kröfum sínum í sambandi við skuldaskil vélbátaflotans.

Flm.: Áki Jakobsson.

**1. gr.**

Eigendur almennra skuldakrafna, sem urðu að þola útstrikun á kröfum sínum í sambandi við skuldaskil vélbátaflotans, er lokið var á árinu 1951, skulu fá greiddar bætur þannig, að þeir fái eigi lægri upphæð en svo, að endanleg greiðsla ásamt bótum nemi 50% — fimmtíu af hundraði — af kröfum þeirra.

Bótageiðsla samkv. 1. mgr. kemur aðeins til greina fyrir kröfur, sem til eru orðnar vegna nýsmiði, kaupa eða viðgerðar á skipi, aflvél eða öðrum tækjum tilheyrandi skipi og vél, svo og vegna kaupa eða viðgerða á veiðarfærum og kaupa á öðrum nauðsynjum skips eða skipshafnar, enda séu kröfur þessar til orðnar fyrir 1. janúar 1951 og þeim verið lýst fyrir stjórn skuldaskilasjóðs útvegsmanna samkvæmt auglýsingum hennar.

**2. gr.**

Fé það, sem þarf til bótageiðslu samkv. 1. gr. þessara laga, skal að hálfu greitt úr rikissjóði, en að hálfu af Landsbanka Íslands.

**3. gr.**

Bótageiðslur samkv. lögum þessum skulu inntar af hendi í peningum.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við skuldaskil bátaútvegsins, sem lokið var á s. l. ári, hefur fjöldi af viðskiptamönnum bátaútvegsins orðið fyrir stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Skuldaskil þessi, sem voru framkvæmd samkv. lögum, voru búin að standa yfir frá því í desember 1948, er fyrstu lög um þetta efni voru sett. Allan þann tíma var í lögum bann við því að gera aðför í eignum útgerðarmanna eða féлага, og hafði það ákvæði mjög óhagstæð og óholl áhrif á vélbátaútveginn almennt. Aðfararþann þetta varð til þess, að þau fyrirtæki, sem viðskipti áttu við bátaútveginn, misstu traust á honum, og olli því óhjákvæmilega mjög óheppilegum og skaðlegum truflunum á rekstri bátaflotans. Var svo komið, að viðskiptafyrirtæki bátaflotans forðuðust lánsviðskipti af ótta við það, að lánin fengjust ekki greidd, þar eð útgerðarmenn áttu ætíð þess kost vegna gildandi laga um aðfararþann að koma sér hjá greiðslu. Útgerðarmenn hagnýttu sér þessa „lagavernd“ mjög misjafnlega, eins og gengur og gerist, en tilvist hennar torvelaði hins vegar af eðlilegum ástæðum öll eðlileg viðskipti við bátaflotann. Það munu líða mörg ár áður en útgerðarmenn verða búnir að ávinna sér á ný það traust, sem þeir glötuðu við lögfestingu aðfararþannsins og síðari skuldaskil.

Þrátt fyrir aðfararþannið og þá frystingu skulda, sem af því leiddi, gerðu hinir ýmsu viðskiptamenn bátaflotans sér vonir um, að þeir fengju kröfur sínar greiddar, er skuldaskilunum lyki, eða að minnsta kosti verulegan hluta þeirra. Mennt áttu erfitt með að láta sér detta annað í hug en að þeir fengju kröfur sínar að verulegu leyti, þegar búíð var að hindra þá í því að hagnýta sér lagalegan rétt sinn til að knýja fram greiðslu þeirra í næstum þrjú ár. Í þeirri trú héldu margir áfram viðskiptum við útvegsmenn, eftir að aðfararþannið var lögfest, og jukust þannig útistandandi skuldir þeirra.

Hvernig varð nú framkvæmdin? Skuldaskilin voru framkvæmd á svo furðulegan hátt, að menn áttu raunar engin orð til að lýsa þeim, enda hefur furðu lítið verið um þau rætt eða ritað á opinberum vettvangi. Margir kröfuhafanna hafa algerlega neitað að sætta sig við útstrikun skuldaskilasjóðs á kröfum þeirra, og munu samtök iðnaðarins hafa í hyggju að láta dómstólana skera úr um það, hvort útstrikun skuldaskilasjóðs á kröfum þeirra sé í samræmi við íslensk lög og stjórnarskrá. Ég vil ekki leggja neinn dóm á það mál, enda gerist þess ekki þörf, en hitt er annað mál, að útstrikunin, eins og hún er framkvæmd, er mjög óeðlileg og óviðfelldin, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Auk þess hefur meðferð skuldaskilasjóðsstjórnar á viðskiptaskuldum bátaútvegsins, útstrikun þeirra, valdið ýmsum af viðskiptamönnum bátaflotans mjög stórfelldu tjóni, sem ef til vill riður þeim sumum að fullu og sviptir bátaútgerðina öllu viðskiptatrausti um ófyrirsjáanlega framtíð. Áhrif skuldaskilanna eru þau, að enginn vill skipta við bátaflotann nema fá greiðslu fyrir fram eða fullkomna tryggingu fyrir greiðslu. Þetta mun í framtíðinni valda vélbátaútgerðinni erfiðleikum, sem vega upp það hagræði, sem vélbátaútvegurinn kann að hafa af framkvæmd skuldaskilanna.

Ég vil hér með nokkrum orðum lýsa því, hvernig skuldaskilin voru framkvæmd. Sjóðsstjórnin auglýsti eftir kröfum á útgerðir einstakra báta, sem teknir voru til skuldaskila. Þegar kröfulýsingarfrestur var liðinn, var lýstum kröfum raðað samkv. ákvæðum skiptalaganna. Síðan voru eignir útgerðarinnar metnar og allar kröfur, sem veðtryggðar voru, svo sem sjóveðskröfur og samningsbundnar veðkröfur, settar í sérflokk og þær greiddar að fullu eða látnar standa óskertar

áfram. Síðan voru allir eigendur almennra krafna boðaðir á skuldheimtumanna-fund. Þeir voru fyrst og fremst bankar vegna allra krafna, sem ekki voru veð-tryggðar, ríkið vegna hinna ýmsu styrktarlána til útgerðarinnar og svo loks þeir viðskiptamenn, sem frv. þetta fjallar um. Fyrir þennan fund var síðan lagt skulda-skilafrumvarp, sem stjórn skuldaskilasjóðs hafði samið. Ég hef að vísu ekki séð öll þessi skuldaskilafrumvörp, en öllum, sem ég hef séð, var það sammerkt, að almennar kröfur voru strikaðar niður í 10% og mjög margar niður í 2% af kröfu-upphæðinni. Frumvörpin voru síðan borin undir atkvæði og samþykkt, að örfáum undanskildum. Á skuldaskilafundinum voru það yfirleitt bankarnir og ríkið, sem greiddu atkvæði með frumvarpinu, en hinir almennu kröfuhafar á móti. Það voru bankarnir, sem réðu úrslitum í flestum tilfellum, og þar með var samþykkt út-strikun hinna almennu skulda samkvæmt ákvæðum skuldaskilafrumvarpsins.

Heildarupphæð útstrikaðra skulda var 48 millj. króna; af þeirri upphæð átti ríkið 20 millj. króna, en bankar og ýmsir einstaklingar og fyrirtæki 28 millj. króna. Ríkið varð að þola varanlega útstrikun á kröfum sínum og almennir kröfuhafar líka, en bankarnir höfðu sérstöðu vegna þess, að allar kröfur þeirra, eða því sem næst, sem ekki voru veðtryggðar, voru tryggðar með ábyrgð einstakra manna, og eru fullar líkur til, að bankarnir tapi litlu sem engu fé í sambandi við skulda-skilin. Bankarnir áttu sem sagt ekkert í hættu við skuldaskilin og útstrikun skulda bátaútvegsins snerti þá ekki. Við þessu er vitanlega ekkert að segja, bankarnir höfðu tryggt sig með persónuábyrgðum. Hitt er óeðlilegt og tæpast sémilegt, að bankarnir skyldu hafa atkvæðisrétt á skuldheimtumannafundinum og vera gefin aðild til að samþykkja útstrikun á kröfum almennra kröfuhafa, án þess að þurfa að þola nokkrar útstrikanir á sínum kröfum.

Þegar húið var að samþykkja skuldaskilafrumvarp útgerðarfélags, var farið að greiða út. Sjóveðskröfur og lögveðskröfur voru greiddar í peningum, en sumar veðkröfur voru látnar standa, en allar aðrar kröfur voru greiddar með skulda-bréfum til 20 ára og 4½% ársvöxtum. Verksmiðja, sem t. d. hafði gert við skip fyrir 100000 kr. og átti það hjá útgerð þess, fékk þannig allt niður í 2000 kr., sem svo voru greiddar með skuldabréfum til 20 ára. Það er ekki furða, þótt nokkur gremja sé ríkjandi meðal ýmissa viðskiptamanna bátaútvegsins, sem þannig hafa verið leiknir. Það er rétt að benda hér á, að samkv. skuldaskilafrumvörpum skulda-skilasjóðs er fjárhagur útvegsfyrirtækjanna sýndur verri en hann raunverulega er, vegna þess að ýmis skipanna voru metin á óeðlilega lágu verði.

Ég hef ekki í höndum tölur um, hve mikilli fjárhæð lýstar kröfur þeirra aðila, er um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps, nema, en líkur benda til, að þær hafi samtals numið 15 millj. króna. Þá nema útgjöld samkv. frv. þessu, ef að lögum verður, samtals 7.5 millj. króna, en af því ætti þá ríkissjóður að greiða 3.75 millj. króna og Landsbankinn 3.75 millj. króna.

Ég er þeirrar skoðunar, að viðskiptamenn vélbátaflotans hafi með skuldaskilum hans verið beittir mjög miklu ranglæti og þeir eigi heimtingu á að fá að einhverju leyti leiðréttingu mála sinna. Ég tel enn fremur, að sú leið, sem frv. fer, sé heppileg og eðlileg, og er því hægt að gera sér vonir um, að þeir, sem fyrir óréttinum hafa orðið, geti eftir atvikum sætt sig við þessa lausn málanna.

Ég vil loks benda á það, að bótagreiðsla sú, er frv. þetta gerir ráð fyrir, er enginn styrkur. Hér er aðeins um smávægilegar skaðabætur að ræða til manna, sem beittir hafa verið miklu ranglæti fyrir aðgerðir stjórnarvaldanna, skaðabætur, sem aðeins nema litlum hluta af því fjárhagstjóni, sem þessir menn hafa orðið fyrir.

Við einstakar greinar frv. vil ég gefa þessar skýringar:

Um 1. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að allar kröfur skipasmiðastöðva, vélaverk-stæða, útvarpsvirkja, seglasaumara, nóta- og netaverkstæða, veiðarfæraverzlana, matvöruverzlana og fleiri þess háttar fyrirtækja, sem til eru orðnar vegna eðlilegra

viðskipta við útvegsmenn fyrir 1. janúar 1951 og lýst hefur verið fyrir skuldaskilaskjóði, verði bættar þannig, að kröfuhafarnir fái alls 50% af kröfum sínum. Bótageiðslur samkv. þessari grein eru aðeins bundnar við þá viðskiptamenn vélbátalflotans, sem hafa látið honum í té nauðsynjar í einni eða annarri mynd, en ekki fengið greiðslu. Ýmsir aðrir aðilar hafa tapað fé í sambandi við skuldaskilin, þó tæplega mjög verulegu. Ástæðan til þess, að ég vil binda bótageiðslur við þessa aðila, er sú, að töp margra þeirra raska starfsemi þeirra, en öruggur áframhaldsrekstur er bátalflotanum nauðsynlegur, auk þess sem þörf er á því að endurreisa svo sem tók eru á það viðskiptatraust milli þessara aðila, sem skuldaskilin hafa raskað.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir, að kostnaði við framkvæmd laganna verði skipt milli ríkis og Landsbankans. Skuldaskilin eru framkvæmd samkv. lögum og því eðlilegt, að ríkið annist bótageiðslur til þeirra, er mest tjón hafa beðið við framkvæmd þeirra. Þegar hins vegar er tekið tillit til þess, hve mikinn ágóða Landsbankinn hefur á ári hverju, þ. e. 15—20 millj. kr. árlega, og allverulegur hluti þess fjár tekinn af vélbátalflotanum og annarri starfsemi, sem byggist á rekstri hans, þykir rétt, að Landsbankinn greiði kostnað af framkvæmd þessara laga að hálfu.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bótageiðslur fari fram í peningum, með því að bætur þessar koma ekki að neinu haldi, eins og nú er komið um stjórn peningamála á Íslandi, nema þær séu greiddar í peningum. Flest þeirra fyrirtækja, sem fyrir þessu tjóni hafa orðið, eru mjög illa á vegi stödd vegna rekstrarfjárleysis, enda er það hin ríkjandi stefna banka og ríkisstjórnar að draga sem mest úr allri lánastarfsemi.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.